



## **Greinargerð og umhverfisskýrsla**

**AÐALSKIPULAG MÝRDALSHREPPS 2012-2028.**

**breyting í austurhluta Víkur.**



**30.03. 2016**

**Breyting á aðalskipulagi**

**Mýrdalshrepps**

**2012-2028**



**MÝRDALSHREPPUR**

**30. 03. 2016**



LANDMÓTUN®

Margrét Ólafsdóttir  
Yngvi Þór Loftsson

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_ 2016

---

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_ 2016.

---

---

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2016.

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 30.03.2016.

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	5
2	Aðdragandi og markmið .....	5
3	Forsendur og tengsl við aðrar áætlanir .....	6
3.1	Íbúafjöldi.....	6
3.2	Atvinna .....	7
3.2.1	Ferðapjónusta.....	7
3.3	Umferð .....	8
3.4	Efnahagur .....	8
3.5	Strandlengja.....	8
3.6	Náttúruvá. ....	11
3.7	Minjar. ....	11
4	Breyting á aðalskipulagi.....	11
4.1	Iðnaðarsvæði.....	11
4.2	Verslun og þjónusta.....	12
4.3	Íbúðabyggð .....	13
4.4	Vegur .....	14
4.5	Sjónvörn.....	15
5	Mat á umhverfisáhrifum.....	17
5.1	Umhverfisáhrif.....	17
5.2	Tengsl við aðrar áætlanir.....	18
5.3	Valkostir.....	18
5.4	Umhverfismat.....	20
5.5	Niðurstaða .....	26
6	Heimildaskrá.....	27

## Myndaskrá

Mynd 1. Vík þar sem svæðið sem breytingin nær til er byggðin austast á myndinni. ....	5
Mynd 2. Íbúapróun í Mýrdalshreppi 2005-2015. ....	6
Mynd 3. Spá um íbúapróun til ársins 2028 (Hagstofa Íslands, reiknað á Landmótun). ....	7
Mynd 4. Fjöldi ferðamanna á Íslandi 1949-2014 (Ferðamálastofa 2015). ....	7
Mynd 5. Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi og með viðkomu í Vík (Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028). ....	8
Mynd 6. Blá línan sendir mælingu á grasbakka 2007 og gula línan mæling á grasbakka des 2015. ....	9
Mynd 7. Horft í vestur í átt að Reynisfjalli, sést hvernig landbrot hefur stöðvast vestan við sandfangara. ....	10
Mynd 8. Sýnir það landrof sem var í lok árs 2015 en á myndina sem tekin var 11. janúar 2016 er búið að setja inn grasbakkann eins og hann var 9. nóvember 2015. ....	10
Mynd 9. Þær veglínur sem helst voru skoðaður, valkostur A (græn lína), valkostur B (svört lína) og valkostur c (appelsínugul lína). ....	15
Mynd 10. Skýringaruppdráttur sem sýnir tillögu að lega göngustígar undir þjóðveg við Víkurá. ....	15
Mynd 11. Staðsetning nýs sandfangara, tæpum 700m austan við núvarandi sandfangara (Siglingamálastofnun). ....	16

## Töfluskrá

Tafla 1. Iðnaðarsvæði í Mýrdalshreppi skv. gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. ....	12
Tafla 2. Iðnaðarsvæði í Mýrdalshreppi eftir breytingu. ....	12
Tafla 3. Verslunar- og þjónustusvæði í Vík skv. aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. ....	12
Tafla 4. Verslunar- og þjónustusvæði í Vík eftir breytingu. ....	12
Tafla 5. Íbúðarsvæði í Vík skv. Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. ....	13
Tafla 6. Íbúðarsvæði í Vík eftir breytingu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. ....	13
Tafla 7. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagstillögunnar. ....	18

## 1 Inngangur

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012 - 2028 var staðfest þann 5. mars 2013 og hér er lögð fram breyting á þéttbýlisuppdrætti og greinargerð og umhverfisskýrsla í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Samhliða breytingu á aðalskipulaginu er unnið að tillögu að deiliskipulagi fyrir austurhluta Víkurþorps sem verður auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Viðfangsefni breytingarinnar er að stækka iðnaðarsvæði sunnan Austurvegar (I1 og I2) og búa til nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu norðan Austurvegar. Einnig að færa hringtorg til austurs og nýja veglínu þjóðveg 1 sunnan við verslunar- og þjónustusvæði sem er merkt V5 í gildandi aðalskipulagi, íbúðasvæði er stækkað við Austurveg. Fjallað er frekar um nýjan varnargarð sem er í staðfestu aðalskipulagi þessi breyting er merkt sem svæði 2. að breytingar uppdrætti. Auk þess sem skilgreint er nýtt svæði fyrir aðveitustöð Rarik í vesturhluta þorpsins, merkt sem svæði 1 á skipulagsuppdrætti.



Mynd 1. Vík þar sem svæðið sem breytingin nær til er byggðin austast á myndinni.

## 2 Aðdragandi og markmið

Á undanförunum árum hefur ferðaþjónusta verið vaxandi atvinnugrein í Mýrdalshreppi. Fjöldi ferðamanna í sveitarfélaginu hefur margfaldast en á síðasta ári kom yfir hálf milljón ferðamanna til Víkur og samkvæmt spá Ferðamálastofu mun sá vöxtur halda áfram. Fjölgun ferðamanna kallar á aukna þjónustu en í Vík er skortur á nýjum lóðum fyrir verslun- og þjónustu og minni íbúðarhús.

Tilgangur breytingarinnar er að auka framboð af verslunar- og þjónustulóðum, skapa samfelld iðnaðar- og athafnasvæði í austastahluta Víkur og færa þjóðveg 1. Skapa nýtt íbúðarsvæði til þess að svara þeirri þörf sem er á svæðinu.

Í gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps voru markmið sveitarfélagsins í atvinnumálum m.a. að leggja áherslu á;


- Ný atvinnusvæði, verslun og þjónusta, athafna- og iðnaðarsvæði, verði innan þéttbýlisins. Stefnt er að því að gera svæði almennrar þjónustu og verslunar aðlaðandi á skipulagstímabilinu.
- Tryggja afkastagetu innviða fyrir atvinnusvæði, þ.e. flutningskerfi orku, vatns og fráveitu, samgöngur, og sérhæft vinnuafli.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að Mýrdalshreppur hafi upp á að bjóða fjölbreyttar lóðir fyrir verslun og þjónustu, athafna- og iðnaðarsvæði þannig að atvinnulífið geti þróast og að auka umferðaröryggi í þéttbýlinu.

### 3 Forsendur og tengsl við aðrar áætlanir


#### 3.1 Íbúafjöldi

Ef horft er til íbúaþróunar síðastliðin 11 ár í Mýrdalshreppi þá hefur íbúafjöldi sveiflast nokkuð. Þann 1. janúar 2005 bjuggu 508 manns í Mýrdalshreppi en í lok árs 2015 voru íbúar hreppsins orðnir 530 og hafa ekki verið fleiri síðan 1996. Á þessu 11 ára tímabili voru íbúar næstflestir 2010 eða 510 manns. Fæstir bjuggu í Mýrdalshreppi árið 2012 eða 459 (Hagstofa Íslands) sjá mynd 2. Mikil fjölgun hefur verið í sveitarfélaginu á síðasta tveimur árum og hefur fjölgunin orðið það mikill að það er skortur á litlum íbúðum í Vík.



Mynd 2. Íbúaþróun í Mýrdalshreppi 2005-2015.

Í gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps var reiknað með að íbúafjöldi í sveitarfélaginu myndi ná 500 íbúum árið 2028 en hann hefur þegar náð því og gott betur því í lok árs 2015 voru íbúar 530. Sú íbúaspá sem er í gildandi aðalskipulagi reiknaði með minni fjölgun en lágspá Hagstofunnar eða 0,4%. Hér eru gerðir útreikningar þar sem notast er við lág-, mið og háspá Hagstofunnar, sjá mynd 3. Má reikna með að íbúafjöldi verði á bilinu 580 – 608 í lok skipulagstímabilsins. Það má geta þess að ef sú fjölgun heldur áfram sem hefur verið síðastliðin þrjú ár, eða um 5% fjölgun íbúa þá verða íbúar Mýrdalshrepps um 1000 í lok skipulagstímabilsins.




Mynd 3. Spá um íbúaþróun til ársins 2028 (Hagstofa Íslands, reiknað á Landmótun).

## 3.2 Atvinna

Samkvæmt aðalskipulagi Mýrdalshrepps hefur að jafnaði verið unnið rúmt ársverk fyrir hverja tvo íbúa hreppsins. Atvinna í Mýrdalshreppi einkennist af litlum og sjálfstæðum vinnustöðum. Helstu atvinnugreinar sveitarfélagsins eru ferðabjónusta, verslun og þjónusta og opinber þjónusta, landbúnaður og iðnaður. Á síðustu tveimur árum hafa orðið til á milli 40-50 ný störf í sveitarfélaginu.

### 3.2.1 Ferðabjónusta

Þjónusta í tengslum við ferðabjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein en árið 2009 komu alls um 250.000 gestir við í Vík (Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, 2011). Árið 2014 fóru 30,6% erlendra ferðamanna sem komu yfir vetrartímam til Víkur en 47,4% þeirra ferðamanna sem komu yfir sumartímam. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2014 var 998.600 (mynd 4) en árið 2015 voru ferðamenn 1.261.938 því má gera ráð fyrir að tæplega 400.000 ferðamenn hafi komið til Víkur árið 2014 og rétt um 500.000 árið 2015.




Mynd 4. Fjöldi ferðamanna á Íslandi 1949-2014 (Ferðamálastofa 2015).

Áfram gera spár ráð fyrir auknum fjölda ferðamanna en eins og sjá má á mynd 5 sem er tekin úr gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps erum við komin langt fram úr þeim fjölda sem reiknað var með þar. Síðustu ár hafa þær spár sem gerðar hafa verið fyrir fjölgun ferðamanna á Íslandi verið lægri en sá fjöldi ferðamanna sem kom til landsins. Í raun hefur Mýrdalshreppur litlar forsendur til þess að



geta gert spá fyrir fjöldaferðamanna út skipulagstímabilið en greiningardeild Arion banka (2015) spáir því að ferðamönnum muni fjölga í 1,5 milljónir á árinu 2016 og verði um tvær milljónir á árinu 2018. Mýrdalshreppur getur ekki annað en að reiknað með að svipað hlutfall erlendra gesta haldi áfram að koma í hreppinn og því má áætla að árið 2018 verði þeir um 800.000.



Mynd 5. Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi og með viðkomu í Vík (Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028).

Fjölgun ferðamanna sem hefur verið undan farin ár hefur verið langtum meiri en sveitarfélagið reiknaði með. Á síðustu misserum hefur Mýrdalshreppur gert nokkrar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem hefur í raun verið til þess að reyna að halda uppi þjónustu fyrir þá ferðamenn sem þegar koma. Í dag er skortur á lóðum í þéttbýlinu fyrir verslun og þjónustu og er sú þjónusta sem er til staðar í dag sprungin. Meðal annars hafa íbúar kvartað yfir því að geta ekki fengið þær nauðsynjar sem þeir þurfa því eftirspurn er meira en framboð. Þessi breyting á aðalskipulagi er einungis gerð til að bregðast við fjölgun ferðamanna á svæðinu.

Í upphafi árs 2016 eru 357 gistirými í Vík en í heildina í Mýrdalshreppi öllum eru þetta 1037 gistirými. Í byggingu eru tvö hótél þar sem bætast við um 120 gistirými.

### 3.3 Umferð

Meðalumferð um hringveginn um Reynisfjall voru 1382 bílar á dag árið 2015. Sama ár var meðalumferð mánuðina júní, júlí og ágúst 2421 bílar á dag.

### 3.4 Efnahagur

Fyrir íbúa Mýrdalshrepps skiptir efnahagslega miklu máli að reyna að hefta það landbrot sem á sér stað í fjörunni til þess að hægt sé að nýta landið á sléttlendinu í Vík og koma í veg fyrir að núverandi mannvirki skemmist.

### 3.5 Strandlengja

Í Mýrdalshreppi er 63 km löng strandlengja. Ströndin er að mestu lág, hafnlaus, slétt sandströnd. Árósar einkenna svæðið. Reynisfjara og Víkurfjara hafa mikið aðdráttarafl til náttúruskoðunar. Það er almenn stefna í aðalskipulagi Mýrdalshrepps að reisa ekki mannvirki á ströndinni til að vernda og nýta strandlengjuna til útivistar og fyrir lífríki. Hins vegar er nauðsynlegt að ráðast í aðgerðir vegna landbrots við þéttbýlið í Vík, og þess vegna er nauðsynlegt að raska afmörkuðum hluta strandlengjunnar.

Víkurfjara er fjölsótt af heimamönnum og ferðamönnum sem heimsækja Vík. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir hringvegi á milli Víkurfjöru og þorpsins. Gott aðgengi að ströndinni hefur verið kostur fyrir ferðamenn sem dvelja eða gista í Vík og vinsælt er bæði á meðal ferðamanna og heimamanna að ganga niður í fjöru. Með undirgöngum fyrir gangandi má halda aðgenginu að Víkurfjöru opnu en vegur og umferð munu þó draga úr upplifunargildi strandarinnar á viðkomandi kafla. Hvort vegurinn verði sýnilegur frá Víkurfjöru er háð endanlegri hæð vegar þar sem gamli sjóvarnargarðurinn en vegurinn verður hannaður þannig að hann sjáist sem minnst frá fjörunni.

Í sjóvarnarskýrslu Siglingastofnunar (2011, bls. 39) kemur fram að „Ölduálag við strönd framan við Vík er það mesta sem getur orðið hér við land. Landið framan við Víkurhamra er mótað af sandframburði úr Kötlugösum. Jarðvegur því laus og ná öldustraumar að hreyfa botnefni niður á tuga metra dýpi. Fram að Kötlugosi (1904-1919) var mikið landbrot og lá þá vegurinn uppundir Víkurhömrum þar sem Klettsvegur er í dag. Eftir Kötlugosið 1918 færðist ströndin við Vík fram um 500 til 600 m en um 1970 tók strandlínan aftur að færast nær byggðinni. Var landbrotið einna mest á árunum 1989-1994, en þá voru suðvestlægar vindáttir ríkjandi. Landrof framan við Víkurkaupþún er nú orðið 350 til 450 m frá því ströndin tók að hopa um 1970.“

Árið 2011 var byggður sandfangari á móts við Víkurá með stefnu beint í ölduna hann heftir efnisburð til austurs og viðheldur sandfjöru vestan við garðinn. Sandfangarinn hefur skilað sýnilegum árangri en á mynd 8 má sjá mun á rofi en á loftmynd frá árinu 2014 eru teiknuð blá lína sem sýnir mælingu á grasbakka árið 2007 og svo gul lína sem sýnir mælingu á grasbakka í desember 2015. Það sést að grasbakkinn austan sandfangarans hefur færst ofar og hefur sjórinn rofið nokkuð mikið land og nálgast bakkinn varnarlínu meðan vestan megin hafa rofnað örfáir metrar þ.s. mest er.



Mynd 6. Blá línan sendir mælingu á grasbakka 2007 og gula línan mæling á grasbakka des 2015.

Á mynd 6 sem tekin er í vestur yfir þorpið en á myndinni má vel sjá sandinn sem safnast vestan sandfangarans. Í ofsaveðrum í lok árs 2015 gekk sjórinn langt inn á landið austan við núverandi sandfangara og alveg að Hringveginum og þar með sér mikinn sand eins og myndir 7 og 8 sýna. Bilið á milli fjöruborðs og byggðar er orðið það lítið að mjög lítið svigrúm er til staðar fyrir varnaraðgerðir til að draga úr hættu á sandfoki.



Mynd 1

Mynd: ÞNK,  
Tekin 9. nóv. 2015

Mynd 7. Horft í vestur í átt að Reynisfjalli, sést hvernig landbrot hefur stöðvast vestan við sandfangara.

Á mynd 7 sést rofið austan megin við sandfangarann enn þá skýrar en þar er búið að setja saman myndir af grasbakkannum frá 9. nóvember 2015 og grasbakkinn 11. janúar 2016 en á þessum tveimur mánuðum hafa rofnað um 40 m úr bakkanum.



Mynd 2.

Grasbakkinn eins og hann var 9.nóv. 2015  
limdur inn á þessa, sem er tekin 11. jan. 2016

Sandurinn kominn aftur í fjöruna eftir austan  
rokið undanfarna daga

Mynd: ÞNK

Mynd 8. Sýnir það landrof sem var í lok árs 2015 en á myndina sem tekin var 11. janúar 2016 er búið að setja inn grasbakkann eins og hann var 9. nóvember 2015.

### 3.6 Náttúruvá.

Veðurstofa Íslands hefur unnið ofanflóðahættumat fyrir Vík í Mýrdal sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 10. febrúar 2010 (Tómas Jóhannesson o.fl. 2009). Þau hættumatssvæði eru afmörkuð í gildandi aðalskipulagi, þéttbýlisuppdrætti fyrir Vík. Svæðið sem þessi breyting nær til er utan þeirra hættusvæða.

Innan svæðisins er sjóvarnargarður sem liggur sunnan og austan við núverandi atvinnulóðir. Áður en uppbygging hefst á austurhluta svæðisins þarf að framlengja varnargarðinn til austurs.

### 3.7 Minjar.

Í Mýrdalshreppi hefur farið fram skráning fornminja í þéttbýlinu Vík (Katrín Gunnarsdóttir, 2004). Samkvæmt skráningunni eru engar minjar á aðalskipulagssvæðinu.

## 4 Breyting á aðalskipulagi.

Í aðalskipulagi Mýrdalshrepps er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem iðnaðarsvæði, athafnasvæði, verslun- og þjónusta og óbyggt svæði. Breytingin er í samræmi við stefnu aðalskipulags Mýrdalshrepps þar sem segir að öflugt atvinnulíf og fjölbreytt framboð starfa er forsenda blómlegrar byggðar og aukin lífsgæði íbúa. Ný atvinnusvæði, verslun og þjónusta, athafna- og iðnaðarsvæði, verði innan þéttbýlisins. Stefnit er að því að gera svæði almennrar þjónustu og verslunar aðlaðandi á skipulagstímabilinu. Fráveita á svæðunum verður sk.v reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

### 4.1 Iðnaðarsvæði

Iðnaðarsvæði er skilgreint á reitum I-1 og I-2 að hluta byggðir og eru svæðin fyrst og fremst ætluð fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi. Stækka á reitina þannig að þeir nái saman þar sem nú er skilgreint óbyggt svæði og raflína. Raflínan er 19 kV stofnlínu sem liggur á milli Víkur og Kirkjubæjarklausturs, lína að þessari stærðargráðu þarf ekki helgunarsvæði. Þetta er gert til þess að nýta svæðið betur í stað þess að á milli þeirra verður ófrágengið svæði.

Í aðalskipulagi Mýrdalshrepps eru eftirfarandi skilmálar fyrir iðnaðarsvæði

- Í deiliskipulagi er leyfilegt að auka eða minnka nýtingarhlutfall á einstökum lóðum, svo sem framarlega sem heildaruppbyggingarmagn svæðis sé í samræmi við það sem fram kemur í aðalskipulagi.
- Ekki er leyfð íbúðarbyggð á iðnaðarsvæðum.
- Uppbygging á austasta hluta I1 og öllu I2 þarf að gerast í samræmi við Samgöngustofu. Þar sem hún er innan línu sem sýnir takmörkun á bygginga (sjá þéttbýlisuppdrátt). Uppbygging á austasta hluta þessara svæða er leyfð þegar búið er að lengja flóðvarnargarðinn til austurs að Kötlugarði. Einnig þarf að leggja mat á það hvort slíkar varnir séu fullnægjandi til að vernda byggða á nýjum iðnaðarsvæðum.
- Við uppbyggingu á iðnaðarsvæðum þarf að huga að yfirbragði og ásýnd svæðis vegna nálægðar við þjóðveg og sem aðkomu úr vestri og austri.
- Í samræmi við skýrslu Vítu og hafnarmálastofnunar, Skipulags ríkisins og Viðlagatryggingar (Fjarhitun, 1994), er mælt með að gólfkvótar verði ekki lægri en 4,7-5,0 m í hæðarkerfi Víkur.
- Almennt skal miðið við að byggingar verði einlyftar og verði ekki hærri en 7 m frá gólfkvóta, til þess að falla að núverandi byggingarmynstri í Vík.

Í töflu 1 eru sýnd iðnaðarsvæði skv. gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps. Einnig verður skilgreint nýtt svæði vestast í þorpinu þar sem skilgreint er svæði fyrir aðveitustöð Rarik.

Tafla 1. Iðnaðarsvæði í Mýrdalshreppi skv. gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028.

Iðnaðarsvæði	Stærð ha	N	Núverandi byggingarmagn í m <sup>2</sup>	Leyfilegt byggingarmagn í m <sup>2</sup>
I1 Sunnan Hringveggar	4,0	0,3	2.420	12.000
I2 Sunnan Hringveggar	3,5	0,3	700	14.500
Alls	7,5		2.420	26.500

Tafla 2. Iðnaðarsvæði í Mýrdalshreppi eftir breytingu.

Iðnaðarsvæði	Stærð ha	N	Núverandi byggingarmagn í m <sup>2</sup>	Leyfilegt byggingarmagn í m <sup>2</sup>
I1 Sunnan Hringveggar	4,5	0,3	2.420	12.000
I2 Sunnan Hringveggar	4,2	0,3	700	14.500
I3 Spennistöð	0,1	0,3	0	150
Alls	8,8		2.420	26.650

## 4.2 Verslun og þjónusta

Í aðalskipulagi Mýrdalshrepps eru átta verslunar- og þjónustusvæði skilgreind í þéttbýlinu, sjá töflu 3. Gert er ráð fyrir að bæta við nýju verslunar- og þjónustusvæði norðan við núverandi þjóðveg 1. Skilgreina á nýtt verslunar- og þjónustusvæði ofan þjóðveggar en mikil þörf er fyrir fleiri lóðir undir slíka starfsemi. Vilji er fyrir að hafa þær í tengslum við núverandi verslun- og þjónustu og í góðum tengslum við svæði V5, V6 og V7.

Tafla 3. Verslunar- og þjónustusvæði í Vík skv. aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028.

Verslunar- og þjónustusvæði og núverandi nýting	Stærð ha	N
V1 Gistiþjónusta	0,4	0,3
V2 Gistiþjónusta	0,5	0,4
V3 Verslun við Víkurbraut	0,2	0,5
V4 Skrifstofur / bæjarskrifstofur	0,1	0,5
V5 Verslun	2,0	0,7
V6 Hótel og veitingar	2,0	0,7
V7 Golfskáli	0,8	0,6
V34 Gisti og ferðaþjónustu, Mýrarbraut	0,2	0,2

Tafla 4. Verslunar- og þjónustusvæði í Vík eftir breytingu.

Verslunar- og þjónustusvæði og núverandi nýting	Stærð ha	N	Lýsing
V1 Gistiþjónusta	0,4	0,3	
V2 Gistiþjónusta	0,5	0,4	
V3 Verslun við Víkurbraut	0,2	0,5	
V4 Skrifstofur / bæjarskrifstofur	0,1	0,5	
V5 Verslun	1,2	0,7	
V6 Hótel og veitingar	2,0	0,7	
V7 Golfskáli	0,8	0,6	
V34 Gisti og ferðaþjónustu, Mýrarbraut	0,2	0,2	
V35 Verslun og þjónustu Austurvegur austur, 1 hæð	1,0	0,5	Á lóðunum skal einkum gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, m.a. ferðaþjónustu. Heimilt er að byggja hús á 1,5

			hæð. Hámarkshæð í mæni 7 m. Hús skulu byggð á steiptum grunnni með steyptri botnplötu.
V36 Verslun og þjónusta Austurvegur vestur, hús sem mega vera á tveimur hæðum	1,9	0,5	Á lóðunum skal einkum gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, m.a. ferðaþjónustu. Heimilt er að byggja hús á 2 hæðum.
V37 Reitur fyrir verslun- og þjónusta.	0,6	0,5	Heimilt er að byggja hús á 2 hæðum. Nýtingarhlutfall á verslunar- og þjónustuvæðum skal almennt vera allt að 0,5.

### 4.3 Íbúðabyggð

Gert er ráð fyrir nýju íbúðarsvæði ÍS7 þar sem er rúm fyrir allt 15 ný raðhús en einnig á að stækka íbúðarsvæði ÍS3 þar sem gert verður ráð fyrir allt að 4 nýjum lóðum. Í dag er skortur á íbúðarhúsnæði í Vík og þá sérstaklega minni íbúðum í gildandi aðalskipulagi var reiknað með að íbúðafjöldi í sveitarfélaginu myndi ná 500 íbúum árið 2028 en hann hefur þegar náð því og gott betur því í lok árs 2015 voru íbúar 530, sjá nánar kafla 3.1.

Síðan gildandi aðalskipulag var staðfest þá hafa verið byggð 10 raðhús við Sunnubraut. Nokkuð er af óbyggðum lóðum í Túnahverfi en þar er gert ráð fyrir einbýlishúsum.

Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil á íbúðarsvæði, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað. Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggð.

Í töflu 5 má sá þau svæði sem eru skilgreind sem íbúðarsvæði og í töflu 6. eru taflan eftir breytingu.

Tafla 5. Íbúðarsvæði í Vík skv. Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028.

Íbúðarsvæði	Stærð ha	Byggðar	Óbyggðar	Fjöldi lóða
ÍS1: Tún	4,1 ha	18	32	50
ÍS2: Bakkar 2	2,6 ha	22	7	29
ÍS3: Hjallar	1,5 ha	20	1	21
ÍS4: Fit	2,3 ha	24	5	29
ÍS5: Undir Bökkunum	1,4 ha	22	0	22
ÍS6: Smáíbúðahverfi	0,9 ha	4	8	12
Alls	12,8	110	53	163

Tafla 6. Íbúðarsvæði í Vík eftir breytingu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028.

Íbúðarsvæði	Stærð ha	Byggðar	Óbyggðar	Fjöldi lóða
ÍS1: Tún	4,1 ha	18	32	50
ÍS2: Bakkar 2	2,6 ha	22	7	29
ÍS3: Hjallar	1,7 ha	20	6	27
ÍS4: Fit	2,3 ha	24	5	29
ÍS5: Undir Bökkunum	1,4 ha	22	0	22
ÍS6: Smáíbúðahverfi	0,9 ha	4	8	12

ÍS7: Raðhús austan Víkurár	0,6 ha	0	15	15
Alls	13,	110	73	184

Skilmálar fyrir ný íbúðarsvæði verða nánar útfærðir í deiliskipulagi, en á svæði ÍS7 er gert ráð fyrir húsum á steiptum grunni með botnplötu með hámarkshæð í mæni 5,5,m. Innan svæðis ÍS7 er óheimil útleiga útleiga íbúða í atvinnuskyni í því fellst að heimagistingin og íbúðarleiga sem falla undir reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er bönnuð. Langtíma útleiga húsnæðis er heimil.

#### 4.4 Vegur

Gerð er tillaga um að færa Hringveginn suður fyrir Víkurskála. Mikilvæg forsenda þess er að þannig verði stuðlað að auknu umferðaröryggi og draga úr hávaða frá umferð. En um leið er mikilvægt að halda góðum tengingum við atvinnusvæði austanvert í Vík, til að styrkja rekstrarforsendur atvinnustarfseminnar. Einnig þarf að huga vel að góðum tengslum gangandi að sjónum. Skoðaðar voru þrjár tillögur að veglínu (sjá mynd 9);

- **Valkostur A (græn) er flutningur Hringvegur suður fyrir Víkurskála.**
- **Valkostur B (svart) er núllkostur óbreytt skipulag.**
- **Valkostur C (appelsínugulur) að vegurinn liggir austur fyrir iðnaðarsvæði.**

Valkostur A gerir ráð fyrir hringtorgi austan við Víkurskála. Eftir að göng verða komin í gegnum Reynisfjall þá liggur vegurinn yfir Víkurá og áfram austur meðfram varnargarði og kemur svo upp á núverandi þjóðveg austan við Víkurskála. Þessi staðsetning hefur þann kost að það er auðvelt að setja hringtorgið óháð færslu þjóðvegur. Kostur þessarar tillögu er einnig þegar búið verður að flytja þjóðveginn þá verður þarna gott flæði og hringtorgið fellur mjög vel af núverandi vegi. Það fæst tenging við nýja verslunar- og þjónustusvæðið norðan vegar.

Valkostur B gerir ráð fyrir hringtorgi vestan við Víkurskála og er samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Í þessari tillögu er auðvelt að setja hringtorgið óháð færslu þjóðvegur. Færð þægilega tengingu af hringtorgi að hóteli og raðhúsum. Þjóðvegurinn sker ekki byggðina frá sjónum en engu að síður þarf að koma upp öðrum vegi sem sker byggðina að hluta.

Valkostur C þar sem vegurinn liggur sunnan við byggðina austur fyrir iðnaðarsvæðið. Kostur að hægt er að setja upp hringtorgið óháð hvenær þjóðvegurinn verður færður. Ókostur þessarar tillögu er að því fylgir ákveðnir ókostir að fá þjóðveg 1 í gegnum bakgarð aðaliðnaðarsvæðis sveitarfélagsins og getur það haft neikvæð áhrif á ímynd þess. Þarna er líka verið að skera sjóinn allan frá þéttbýlinu með vegi. Einnig kallar þessi tillaga á nokkuð lengri veglagningu.



Mynd 9. Þær veglínur sem helst voru skoðaður, valkostur A (græn lína), valkostur B (svört lína) og valkostur c (appelsínugul lína).

Í valkosti A, sem var valin sem veglína, þarf að huga að tengingum gangandi að ströndinni. Þetta verður betur útfært í deiliskipulagi en reiknað er með undirgöngum undir þjóðveg 1 við Víkurá, sjá mynd 10 sem er skýringarmynd fyrir göngustíg.



Mynd 10. Skýringaruppráttur sem sýnir tillögu að lega göngustígar undir þjóðveg við Víkurá.

#### 4.5 Sjónvörn

Í staðfestu aðalskipulagi er gert ráð fyrir **Sjónvörn austan Víkurár**. Þar sem segir að austan við sandfangarann er líklegt að landrof verði áfram og í framtíðinni má gera ráð fyrir öðrum sandfangara austan við þann sem nú er verið að byggja.



Nú er ljóst að þörf er á öðrum sandfangara og reynslan af þeim sem þegar er komin er góð. Efnisþörf nýs sandfangara er 50.000 m<sup>3</sup> og verður hann allt að 280 m langur. Þetta er garður fram í sjó móts við núverandi iðnaðarsvæði með stefnu beint í ölduna sem á að hefta efnisburð. Nýr sandfangari verður staðsettur tæpum 700 m austan við þann eldri, sjá mynd 11 og skipulagsuppdrátt. Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum með síðari breytingum þá er mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum utan verndarsvæða, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar í flokki C.



Mynd 11. Staðsetning nýs sandfangara, tæpum 700m austan við núverandi sandfangara (Siglingamálastofnun).

## 5 Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfismatið er sett fram í venslatöflum.

Mat á umhverfisáhrifum byggist á þremur meginþáttum, sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti innan áhrifasvæðisins.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings.

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Tillagan fellur undir lög um umhverfismat áætlana þar sem hún markar stefnu um framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum þ.e. færsla hringvegjar. Einnig þarf að skoða umhverfisáhrif sjóvarnar en hafa þó í huga að í dag er sjóvörn rétt vestan við þ.s. áætluðu vörn.

### 5.1 Umhverfisáhrif

Helstu þættir aðalskipulagsbreytingarinnar sem geta haft í för með sér umhverfisáhrif er færsla þjóðvegjar, sjóvörn og uppbygging ferðaþjónustu.

Umhverfisþættir sem helst geta orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmda og starfsemi á umræddum svæðum eru eftirfarandi:

- **Samfélag.**
- **Landslag** – náttúra- vegna landslagsmótunar og frágangs svæðisins.
- **Heilsa og öryggi** vegna umferðar
- **Heilsa og öryggi** vegna sjóvarna
- **Efnahagur-**

Val á þessum umhverfisþáttum byggist á greiningu á því hvaða þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna aðalskipulagsbreytingar. Greint verður frá mögulegum mótvægisáðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af áðurtöldum þáttum eru talin veruleg.

Við matið er notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu 7.

Tafla 7. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagstillögunnar.

Vægi áhrifa	Tákn	Skýring
Jákvæð	+	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Neikvæð	-	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Áhrif óljós	?	Áhrif framkvæmda eru óljós. Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.

## 5.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Þær áætlanir sem horft er til í aðalskipulagsbreytingu þessari eru;

- Samgönguáætlun 2011-2022.
- Hættumat fyrir Vík í Mýrdal. Greinargerð með hættumatskorti.
- Vaxtarsamningi Suðurlands (2006).

## 5.3 Valkostir

Umhverfismat áætlunar felst í því að spá fyrir um líklegar breytingar á umhverfinu við framfylgd skipulagstillögunnar með hliðsjón að markmiðum, umhverfisviðmiðum og umhverfisvísium.

Í þessari umhverfisskýrslu eru metnir kostir fyrir sjóvörn og legu hringveggar í gegnum Vík.

Metnir eru tveir kostir fyrir sjóvörn ;

**Valkostur A er breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps (ný sjóvörn).**

**Valkostur B ekki ný sjóvörn.**

Breytingin á aðalskipulaginu felur einungis í sér að nú er fjallað frekar um þá sjóvörn sem var í staðfestu aðalskipulagi Mýrdalshrepps en þar er sagt; *að í framtíðinni má gera ráð fyrir öðrum sandfangara 500-600 m austan við þann sem nú er verið að byggja.*

Ýmsir kostir hafa verið skoðaðir varðandi staðsetningu hringtorgs og færslu þjóðvegur og í samhengi við staðsetningu við nýs verslunar- og þjónustusvæði. Þrír kostir voru þó mest skoðaðir og er gert mat á þeim skipulagskostum, sjá frekari umfjöllun í kafla 4.4. Vegur.

**Valkostur A er breytingin á aðalskipulagi Mýrdalshrepps,.**

**Valkostur B er núllkostur óbreytt skipulag.**

**Valkostur C að vegurinn liggja austur fyrir iðnaðarsvæði.**

Ferðamönnum í Vík hefur fjölgað mikið á síðustu árum.

**Valkostur A er breytingin á aðalskipulagi Mýrdalshrepps þar sem reiknað er með auknu verslunar- og þjónusturými.**

**Valkostur B óbreytt skipulag.**

## 5.4 Umhverfismat SANDFANGARI

Umfverfis- þættir	Vægi	Valkostur A	Vægi	Valkostur B	Viðmið
Samfélag	+	Valkosturinn hefur jákvæð áhrif á samfélag, hann er í samræmi við stefnu aðalskipulags Mýrdalshrepps þar sem segir að til framtíðar verður að horfa til þess að fullnægjandi sjóvarnir verndi byggðina í Vík og er það forgangsmál varðandi framtíðarþróun byggðar í Mýrdalshreppi.	-	Valkosturinn hefur neikvæð áhrif á samfélag. Hann er í ósamræmi við stefnu aðalskipulags Mýrdalshrepps þar sem segir að til framtíðar verður að horfa til þess að fullnægjandi sjóvarnir verndi byggðina í Vík.	Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br. Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2010-2022. Sjóvarnar skýrsla Siglingastofnunar 2011.
Landslag	0	Strandlengjan í Mýrdalshreppi er slétt hafnarlaus sandfjara sem hefur á síðustu árum orðið mjög vinsæll ferðamannastaður. Í Vík fara margir ferðamenn í fjöruna til þess að njóta hennar og brimsins. Nýr sandfangari verður staðsettur austan við núverandi sandfangara og er því austan við	0	Strandlengjan í Mýrdalshreppi er slétt og hafnarlaus. Hún er síbreytileg og myndi hún því halda áfram að gera það.	Í 61. gr. náttúruverndarlaga segir að Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.: votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 10.000 m <sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m <sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur, birkiskógar sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður

		það svæði sem ferðamenn sækja helst og ætti hann því ekki að hafa nema óveruleg áhrif á landslag.			<p>birkiskóga, svo og leifar slíkra skóga.</p> <p>Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.: eldvörp, eldhraun, gervíggar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma, fossar og umhverfi þeirra í allt að 200 metra radius frá fossbrún, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum. Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.</p>
<b>Heilsa og öryggi vegna hættu á flóðum</b>	<b>+</b>	Siglingastofnun (2011) metur flóðahættu mikla í Vík. Í sjóvarnarskýrslu stendur að um áramótin 1997-1998 kom eitt mesta flóð sem heimamenn muna. Til þess að vernda byggð í Vík þarf að byggja frekari varnarmannvirki.	<b>-</b>	Siglingastofnun (2011) metur flóðahættu mikla í Vík. Til þess að vernda byggð í Vík þarf að byggja frekari varnarmannvirki.	Lög nr. 28 1997 um sjóvarnir

## VEGUR

Umhverfis- þættir	Vægi	Valkostur A	Vægi	Valkostur B	Væg i	Valkostur C	Viðmið
<b>Samfélag</b>	<b>+</b>	Valkosturinn hefur jákvæð áhrif á samfélag, hann er í samræmi við stefnu aðalskipulags Mýrdalshrepps þar sem segir að öflugt atvinnulíf og fjölbreytt framboð starfa er forsenda blómlegrar byggðar og aukin lífsgæði íbúa. Kosturinn dregur úr neikvæðum áhrifum umferðar á heilsu og öryggi þ.s. þjóðvegurinn er færður suður fyrir byggðina á þeim kafla sem má reikna með nokkurri umferð gangandi fólks.	<b>0</b>	Valkosturinn hefur hlutlaus áhrif á samfélag er í samræmi við stefnu aðalskipulags Mýrdalshrepps en dregur að einhverju leyti úr neikvæðum áhrifum umferðar á heilsu þar sem þjóðvegurinn liggur ekki í gegnum þéttustu byggðina en skiptir þau austurhluta hennar í sundur þar sem er verzlunar- og þjónustusvæði.	<b>+</b>	Valkosturinn hefur jákvæð áhrif á samfélag, hann er í samræmi við stefnu aðalskipulags Mýrdalshrepps þar sem segir að öflugt atvinnulíf og fjölbreytt framboð starfa er forsenda blómlegrar byggðar og aukin lífsgæði íbúa. Kosturinn dregur úr neikvæðum áhrifum umferðar á heilsu og öryggi þ.s. þjóðvegurinn er færður suður fyrir byggðina á þeim kafla sem má reikna með nokkurri umferð gangandi fólks.	Stefna um íbúafjölda og atvinnu í aðalskipulagi Mýrdalshrepps.
<b>Landslag</b>	<b>0</b>	Strandlengja Mýrdalshrepps er sérstök og er mjög vinsæll ferðamannastaður því þarf að umgangast hana með virðingu. Ný lega þjóðvegur liggur lengur meðfram ströndinni en ný veglína sker ströndina frá byggðinni á kafla.	<b>0</b>	Strandlengja Mýrdalshrepps er sérstök og er mjög vinsæll ferðamannastaður því þarf að umgangast hana með virðingu. Ný lega þjóðvegur liggur lengur meðfram ströndinni en ný veglína sker ströndina frá byggðinni á kafla. Vegurinn liggur meðfram	<b>0</b>	Strandlengja Mýrdalshrepps er sérstök og er mjög vinsæll ferðamannastaður því þarf að umgangast hana með virðingu. Ný lega þjóðvegur liggur lengur meðfram ströndinni en ný veglína sker ströndina frá byggðinni á kafla. Vegurinn liggur meðfram varnargarði en huga þarf	Í 61. gr. náttúruverndarlaga segir að Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.: votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 10.000 m <sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m <sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur, birkiskógar sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga, svo og leifar slíkra skóga.

		Vegurinn liggur meðfram varnargarði en huga þarf vel að tengingum gangandi að ströndinni.		varnargarði en huga þarf vel að tengingum gangandi að ströndinni.		vel að tengingum gangandi að ströndinni.	Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.: eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma, fossar og umhverfi þeirra í allt að 200 metra radius frá fossbrún, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum. Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012	
<b>Heilsa og öryggi vegna umferðar</b>	<b>+</b>	Samkvæmt niðurstöðu mælinga vegagerðarinnar eru 1866 bílar sem fara um Reynisfjall á sumrin og má ætla að allir þeirra fari í gegnum Vík. Til þess að auka umferðaröryggi er lagt til að hringtorg þ.s. nýr þjóðvegur á að koma inn á Austurvegin verði austar svo hann slíti ekki eins byggðina í sundur en gert er ráð fyrir nýju verslunarsvæði við Austurveg. Kostur þessarar tengingar að hægt er að taka niður umferðarhraðan að austanverður áður en komið er í mikla	<b>-</b>	Samkvæmt niðurstöðu mælinga vegagerðarinnar eru 1866 bílar sem fara um Reynisfjall á sumrin og má ætla að allir þeirra fari í gegnum Vík. Hringtorgið kemur vestan við nýtt verslunarsvæði og því fer umferð þjóðveg 1 um það svæði og skapar það ákveðna hættu. Til þess að auka umferðaröryggi er lagt til að hringtorg þ.s. nýr þjóðvegur á að koma inn á Austurvegin verði vestan við verslunar- og þjónustusvæði. Hringtorg með þessari staðsetningu nýtist ekki nægilega vel til þess að		Samkvæmt niðurstöðu mælinga vegagerðarinnar eru 1866 bílar sem fara um Reynisfjall á sumrin og má ætla að allir þeirra fari í gegnum Vík. Til þess að auka umferðaröryggi er lagt til að hringtorg þ.s. nýr þjóðvegur á að koma inn á Austurvegin verði austar svo hann slíti ekki eins byggðina í sundur en gert er ráð fyrir nýju verslunarsvæði við Austurveg.	Vegalög nr. 80/2007 1. gr. og kafli IX um öryggi vegna og umferðar.  Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br. gr.	



		umferð gangandi.		taka hraða niður inn í þéttbýlið umferðar að austan.			
--	--	------------------	--	--	--	--	--

## FERÐAÞJÓNUSTA

Umhverfis- þættir	Vægi	Valkostur A	Vægi	Valkostur B	Viðmið
<b>Samfélag</b>	<b>?</b>	Valkosturinn hefur óljós áhrif á samfélag, hann er í samræmi við stefnu aðalskipulags Mýrdalshrepps þar sem segir meðal annars að það sé samvinna við nágrannasveitarfélögin til að laða að fleiri ferðamenn. Gera má þó ráð fyrir að kosturinn hafa jákvæð áhrif á efnahag.	<b>-</b>	Valkosturinn hefur neikvæð áhrif á samfélag. Þar sem það vantar verslunar og þjónustulóðir fyrir ferðaþjónustu og eins og staðan er í dag þá annar sú verslun og þjónusta sem fyrir er ekki þeirri eftirspurn sem er í Mýrdalshreppi.	Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br. Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2010-2022.
<b>Landslag</b>	<b>0</b>	Strandlengjan í Mýrdalshreppi er slétt hafnarlaus sandfjara sem hefur á síðustu árum orðið mjög vinsæll ferðamannastaður. Í Vík fara margir ferðamenn í fjöruna til	<b>0</b>	Strandlengjan í Mýrdalshreppi er slétt hafnarlaus sandfjara sem hefur á síðustu árum orðið mjög vinsæll ferðamannastaður. Í Vík fara margir ferðamenn í fjöruna	Í 61. gr. náttúruverndarlaga segir að Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.: votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 10.000 m <sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m <sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og

		þess að njóta hennar og brimsins. Nýr sandfangari verður staðsettur austan við núverandi sandfangara og er því austan við það svæði sem ferðamenn sækja helst og ætti hann því ekki að hafa nema óveruleg áhrif á landslag.		til þess að njóta hennar og brimsins. Nýr sandfangari verður staðsettur austan við núverandi sandfangara og er því austan við það svæði sem ferðamenn sækja helst og ætti hann því ekki að hafa nema óveruleg áhrif á landslag.	sjávarfitjar og leirur, birkiskógar sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga, svo og leifar slíkra skóga.  Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.: eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma, fossar og umhverfi þeirra í allt að 200 metra radius frá fossbrún, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum. Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
<b>Efnahagur</b>	<b>+</b>	Reikna má með að með aukin ferðaþjónusta hafi jákvæð áhrif á efnahag þar sem hún skapar ný störf í sveitarfélaginu.	<b>+</b>	Í dag er mikil ferðaþjónusta í Mýrdalshreppi sem hefur haft jákvæð áhrif á efnahag sveitarfélagsins.	Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br. Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2010-2022.

## 5.5 Niðurstaða

Kostirnir hafa jákvæð eða óveruleg áhrif á umhverfið. Ljóst er að ný sjóvörn hefur jákvæð áhrif á samfélag og heilsu og öryggi meðan það hefur neikvæð áhrif að reisa ekki nýja, jákvætt er að staðsetning sjóvarnarinnar sé fyrir austan gönguleiðir niður að Víkurfjöru. Varðandi vegtenginu þá þarf að huga vel að tengingum gangandi frá verslunar- og þjónustusvæðum og niður að sjó þá helst með undirgöngum, gera þarf betur grein fyrir þessu í deiliskipulagi. Hafa ber líka í huga við hönnun vegar að hann falli vel að umhverfinu. En kostur A hefur jákvæðustu áhrifin þar sem hann eikur umferðaröryggi í þéttbýlinu en sker ströndina ekki á eins löngum kafla og kostur C. Í sambandi við ferðþjónusta þá felur kostur A að auka við verslun og þjónustu jákvæðari áhrif en óbreytt ástand. Ljóst er að ferðþjónusta hefur vaxið mjög hratt í Mýrdalshreppi og þarf sveitarfélagið að bregðast við þeim vexti. Það er aftur á móti óljóst hvað ferðþjónustan getur vaxið mikið og hvenær hún fer að hafa neikvæð áhrif á samfélag.

## 6 Heimildaskrá

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028.

Arion banki (2015). *Við erum öll í ferðaþjónustu – Ferðaþjónustuúttekt Greiningardeildar Arion banka 29. september 2015.* <http://arionbanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=cf0ef672-669f-11e5-84a3-d8d385b75e5c>.

Ferðamálastofa. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna 1949-2014.

<http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna-1949-2013>.

Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2015 - Sveitarfélagaskipan hvers árs.

Katrín Gunnarsdóttir 2004, Fornleifaskráning í Vík í Mýrdal. Norður-Vík / Suður-Vík

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir (2011). Katla Geopark Project. Leiðsögn á jarðvangi í Skógum 26. febrúar 2011. Glærur.

Siglingastofnun (2011). Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir 2011.

Skipulagslög nr.123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Vegagerðin af <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/>